



SÓN

TÍMARIT UM
ÓÐFRÆÐI

13 2015

STAFRÆNT
SÉRPRENT

Haukur Þorgeirsson

Hávamál Resens prófessors

SÓN

TÍMARIT UM ÓÐFRÆÐI

13. HEFTI

RITSTJÓRAR

ANNA ÞORBJÖRG INGÓLFSDÓTTIR

HAUKUR ÞORGEIRSSON

ÓÐFRÆÐIFÉLAGIÐ BOÐN

REYKJAVÍK

2015

Són

er helguð óðfræði og ljóðlist

bragi.info/son

ÚTGEFANDI

Óðfræðifélagið Boðn

RITSTJÓRAR

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir

Sími: 660 5907. Netfang: annaing@hi.is

Haukur Þorgeirsson

Sími: 849 9381. Netfang: haukurth@hi.is

RITNEFND

*Bjarki Karlsson, Bjarni Stefán Konráðsson,
Kristján Arnason og Rósa Þorsteinsdóttir*

MYND Á KÁPU

Harpa Ellertsdóttir

UMBROT

Bjarki Karlsson

LETUR

Junicode eftir Peter Baker

PRENTUN

Litlaprent



ÚTGÁFA RITSINS ER STYKT AF
MIÐSTÖÐ ÍSLENSKRA BÓKMENNTA
ICELANDIC LITERATURE CENTER

ISSN 1670-3723

Efni

Höfundar efnis	6
Til lesenda	8

I. RITRÝNDAR GREINAR

Arndís Hulda Auðunsdóttir og Aðalheiður Guðmundsdóttir: „Berðu mér ei blandað vín“: Um skáldskaparmjöðinn og áfengið í rímnakveðskap Sigurðar Breiðfjörð	11
Þórður Helgason: <i>Ljóðabljóð. Um mátt hljóms og hljóða í íslenskri ljóðlist.</i>	37
Haukur Þorgeirsson: <i>Hávamál Resens prófessors</i>	111

II. ÓÐFLUGUR OG UMRÆÐUGREINAR

Atli Harðarson: <i>Ljóðið Afneitun eftir Gíorgos Seferis</i>	136
Þórður Helgason: <i>Þegar rímið rætist ekki</i>	143
Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir: <i>Tvær skáldkonur</i>	151
Helgi Skúli Kjartansson: „ <i>Kvað heldurðu, maður!</i> “	165
Mikael Males: <i>Er Ólafur Þórðarson höfundur Eglu?</i>	173
Bjarki Karlsson: <i>Hugbót að guði gengnum</i>	181

III. RITSTJÓRNAREFNI

Óðfræðifélagið Boðn — Annáll ársins 2015	186
Fundarboð — Aðalfundur 2016 og Málþing 2016	188

L J Ó Ð

Ragnar Ingi Aðalsteinsson: <i>ALDREI Á MINNI LÖNGU ÆVI ... (Sónarljóð 2015)</i>	5
Alda Björk Valdimarsdóttir: <i>SJÓNIN LAGAR SIG AÐ MYRKRINU</i>	36
Robert Frost: <i>BORGARLÆKUR (Þýð. Atli Harðarson)</i>	109
Valgerður Kr. Brynjólfssdóttir: <i>VIÐ FRIDLANDIÐ</i>	142
Kristján Runólfsson: <i>RJÚPAN</i>	150
Þórdís Gísladóttir: <i>LÍF</i>	164
Halla Oddný Magnúsdóttir: <i>POPPSONNETTUR</i>	169
Bjarki Karlsson: <i>SÍÐASTA GÁTA GESTUMBLINDA</i>	172
Kári Tulinius: <i>FÓST RAÐU RAFK RÍUM</i>	180

Sónarljóð

Ragnar Ingi Aðalsteinsson (f. 1944) er doktor í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hann hefur sérhæft sig í bragfræði og skrifað bækur um það efni en auk þess sent frá sér allmargar ljóðabækur og eina skáldsögu. Hann hefur lengst af unnið við kennslustörf.

Ljóðskáld

Alda Björk Valdimarsdóttir (f. 1973) er með doktorspróf í almennri bókmenntafræði. Hún er lektor í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands. Fyrsta ljóðabók hennar, *Við sem erum blind og nafnlaus*, kom út árið 2015.

Bjarki Karlsson (sjá *Höfundar greina*)

Halla Oddný Magnúsdóttir (f. 1987) er með BA-próf í mannvísindum frá Oxfordháskóla. Hún hefur unnið að dagskráargerð fyrir útvarp og sjónvarp, auk ritstarfa og þýðinga.

Kári Tulinius (f. 1981) er rithöfundur. Á liðnu ári kom út ljóðabókin *Brot hætt frum eind*.

Kristján Runólfsson (f. 1956) hefur fengist við ýmis störf um dagana. Hann hefur látið sig varða söfnun gamalla muna og varðveislu þjóðmenningar og rak um skeið minjasafn, fyrst á Sauðárkróki en síðar í Hveragerði til ársins 2008. Ljóð og vísur eftir Kristján hafa birst í blöðum og tímaritum og í safnritum með skagfirskum ljóðum.

Robert Frost (1874–1963) var bandarískt ljóðskáld og hlaut fjölda viðurkenninga fyrir ljóð sín, meðal annars fékk hann Pulitzer verðlaunin fjórum sinnum.

Valgerður Kr. Brynjólfssdóttir (f. 1956) er með MA-próf í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hún hefur skrifað um bókmenntir og birt ljóð í tímaritum. Valgerður rekur ferðaþjónustu á Leirubakka á Landi.

Þórdís Gísladóttir (f. 1965) er rithöfundur og þýðandi. Hún hefur gefið út þrjár ljóðabækur og auk þess barnabækur og kennslubækur. Fyrir fyrstu ljóðabók sína, *Leyndarmál annarra* (2010), fékk hún verðlaun Tómasar Guðmundssonar og fyrir aðra ljóðabók sína, *Velúr* (2014) var hún tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Þriðja ljóðabók Þórdísar, *Tilfinningarök*, kom út árið 2015.

Höfundar greina

Aðalbeiður Guðmundsdóttir (f. 1965) er með doktorspróf í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hún er dósent í íslenskum bókmenntum fyrri alda við Hugvísindasvið Háskóla Íslands.

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir (f. 1957) er með MA-próf í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hún er lektor í íslensku við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Arndís Hulda Auðunsdóttir (f. 1987) er með MA-próf í þjóðfræði frá Háskóla Íslands.

Atli Harðarson (f. 1960) er heimspekingur og með doktorspróf í uppeldis- og menntunarfræðum frá Háskóla Íslands. Hann er lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Bjarkí Karlsson (f. 1965) er með MA-próf í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands og starfar við Orðfræðisvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum auk þess að fást við ritstörf og þýðingar.

Haukur Þorgeirsson (f. 1980) er með doktorspróf í íslenskri málfræði frá Háskóla Íslands. Hann er rannsóknarlektor við Handritasvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Helgi Skúli Kjartansson (f. 1949) er cand. mag. í sagnfræði frá Háskóla Íslands. Hann er prófessor í sagnfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Mikael Males (f. 1977) er með doktorspróf í norrænum fræðum frá Háskólanum í Osló. Hann lauk nýdoktorsverkefni þar árið 2015.

Þórður Helgason (f. 1947) er cand. mag. í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hann er dósent í íslensku við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

I

Ritrýndar greinar

Haukur Þorgeirsson

Hávamál Resens prófessors¹

Árið 1665 voru HÁVAMÁL í fyrsta skipti prentuð á bók en útgefandi var P. H. Resen. Þar birtist fyrsta erindið í þessari gerð:

Gáttir allar
áður en gangi fram
um skoðast skulu og of skyggnast
því öngvan má örvænt
um aldur vera
hvars hans sitja fjendur á fleti fyrir.
(Resen 1665)²

Í Konungsbók Eddukvæða er erindið hins vegar svona:

Gáttir allar
áður gangi fram
um skoðast skyli,
um skyggnast skyli,
því að óvíst er að vita
hvar óvinir
sitja á fleti fyrir.
(Gísli Sigurðsson 1998:21)

- Ég þakka Gísla Sigurðssyni, Einari G. Péturssyni, Þórði í Skógum og tveimur ónefndum ritrýnum gagnlegar ábendingar.
- Í tilvísunum í HÁVAMÁL Resens hef ég samræmt stafsetningu að nútímavísu nema þar sem sérstök ástæða er til annars. Útgáfan hefur ekki blaðsíðutal.

Erindið hjá Resen er greinilega talsvert frábrugðið, einkum síðari hlutinn. Og þetta erindi er ekkert einsdæmi heldur er textinn hjá Resen verulega frábrugðinn Konungsbók út í gegnum kvæðið. Fræðimenn hafa velt vöngum yfir þessum frábrugðna texta. Hér leitast ég við að finna uppruna hans.

1. *Eddurit Resens*

Fyrstu norrænu fornritin sem prentuð voru í Kaupmannahöfn birtust árið 1665. Þetta voru Snorra-Edda, VÖLUSPÁ og HÁVAMÁL. Að nafninu til voru þetta þrjú rit en þau höfðu sameiginlegan inngang og voru gjarnan bundin í eina bók. Sá sem ritum þessum kom á prent nefndist Peder Hansen Resen (1625–1688), prófessor við Kaupmannahafnarháskóla. Resen var atorkusamur fræðimaður og sendi frá sér mörg rit um ýmisleg efni, mest um lög og sagnfræði. Hann hafði sjálfur takmarkaða íslenskuþekkingu en reiddi sig í þeim efnum á vinnu sem aðrir höfðu innt af hendi, meðal annars Guðmundur Andrésón, Stefán Ólafsson og Stephan Hansen Stephanius (Faulkes 1977:9–10).

Stundum hafa seinni fræðimenn farið háðuglegum orðum um útgáfur Resens og víst er að þær uppfylla ekki strangar textafræðilegar kröfur. En það er hægara að níða en að smíða og með Edduritum Resens, sem komu út með latneskri þýðingu, var stórt skref stigið í þá átt að færa norræna goðafræði Evrópuþjófum í hendur. Má því segja að Edda Resens hafi þjónað því hlutverki sem henni var ætlað.

2. *Hávamálaútgáfa Resens*

Sem fyrr segir var útgáfa Resens af HÁVAMÁLUM prentuð 1665 og hélt hún að mestu leyti gildi sínu fram á 19. öld. Hún var síðan leyst af hólmi með útgáfu Rasks 1818, þriðja bindi af Kaupmannahafnarútgáfu Eddukvæða 1828 og, ekki síst, með útgáfu Bugge 1867. Bugge rökstuddi að textinn í útgáfu Resens og skyldum handritum sé runninn frá Konungsbók Eddukvæða og hafi því ekkert sjálfstætt gildi (Bugge 1867:lviii–lxiii).

Eftir útgáfu Bugges hafa flestir fræðimenn látið texta Resens ósnertan og var hans lengi getið að litlu. Þetta breyttist að nokkru 1977 en þá gaf Anthony Faulkes út Eddurit Resens ásamt vönduðum formála þar sem leyst er úr ýmsum vanda. Þar er meðal annars fjallað um Hávamálatextann. Faulkes er á báðum áttum um texta Resens. Annars vegar bendir hann á að textinn sé mjög frábrugðinn texta Konungsbókar og að freistandi væri að telja hann fulltrúa annarrar miðaldagerðar:

[T]hese texts constitute a separate redaction of Hávamál, so different from the received text that one might even think that the changes are not just editorial and scribal, but indicate rather that this version is not derived from the Codex Regius at all, but from another, now lost, medieval version.

(Faulkes 1977:87–88)

Hins vegar bendir Faulkes á ákveðna lesháttu í textanum sem virðast runnir frá Konungsbók. Þeir leshættir myndu þó ekki sanna að allur textinn sé þaðan fenginn. Faulkes bendir því á þann möguleika að hluti Resens-textans sé runninn frá einhverri miðaldagerð textans annarri en þeirri sem við höfum í Konungsbók.³

Einar G. Pétursson rekur skoðanir Faulkes og bætir sjálfur við nokkrum athugunum (Einar G. Pétursson 1998:430–433). Hann segir málið „torvelt og þarfnast mikilla rannsókna“ (bls. 431). Í sama streng tekur Vésteinn Ólason í inngangi að Eddukvæðaútgáfu þeirra Jónasar Kristjánssonar:

Frekari rannsóknar er þörf til að fá staðfest hvort í þessum textum og pappírshandritum sem þeir eru byggðir á kunni að vera áhrif frá annarri miðaldagerð Hávamála en þeirri sem skráð er á Konungsbók. (Jónas Kristjánsson og Vésteinn Ólason 2014:140)

Einn höfundur enn sem hvatt hefur til rannsókna á textum HÁVAMÁLA er Þórður Tómasson í Skógum (1971). Þórður skrifaði grein um handritsbrot HÁVAMÁLA með einkennilegum texta og er handrit hans greinilega með texta skyldan útgáfu Resens. Ýmis fleiri handrit frá miðri 17. öld og síðar hafa skyldan texta og hefur samband þeirra lítt verið kannað enda væri það ærið verk (sjá þó Einar G. Pétursson 2007 og Teresu Dröfn Njarðvík 2015). Í þessari atrennu lét ég hina prentuðu útgáfu duga sem fulltrúa þessarar Hávamálagæðar.

3. *Munnleg geymd og röð vísna*

Meirihluti vísanna í útgáfu Resens á sér beina samsvörun í Konungsbók þótt orðalag sé gjarnan mismunandi. En einnig koma fyrir vísur þar

3 Lokakaffi HÁVAMÁLA hjá Resen er titlaður Rúnakapítuli og hefst þar erindatala að nýju. Þessi texti er greinilega fenginn úr Konungsbók og er tiltölulega lítið afbakaður (Faulkes 1977:87); ég fjalla ekki meira um hann hér. Í Konungsbók hefst þessi hluti HÁVAMÁLA með stórum upphafsstaf svo sem sérstakt kvæði væri.

sem samsvörunin er flóknari. Tíunda vísan í útgáfu Resens samsvarar að miklu leyti sjöttu vísunni í Konungsbók, en málið er nokkuð snúið eins og hér má sjá:

Resen 10

Vits er þörf
þeim er víða ratar
en sjaldan verða víti vöruð
nema hyggindi hafi
og horskan vin
þann óbrigðara
fær engi maður
en sé mannvit mikið.

Konungsbók


5.1 Vits er þörf
5.2 þeim er víða ratar
6.6 sjaldan verður víti vörum
(6.1 að hyggjandi sinni)
(6.4 þá er horskur og þögull)
6.7 því að óbrigðra vin
6.8 fær maður aldregi
6.9 en manvit mikið.
(GS 1998:21–22)

Vísuorð 4–5 í þessari vísu hjá Resen eiga sér ekki beinar hliðstæður í Konungsbók. En orðin *hyggjandi*, *horskur* og *vinur* koma öll fyrir í samsvarandi vísu. Vísuorð 1–2 samsvara svo upphafi vísunnar á undan.

Það sem hér er áberandi er að efnið kemur ekki fyrir í sömu röð og er það eitt af þeim atriðum sem Faulkes telur til marks um að textinn hafi tvær gerðir. Hér er lærdómsríkt að skoða til samanburðar önnur Eddukvæði sem varðveitt eru í fleiri en einu handriti. Kvæðin GRÍMNISMÁL og HYMISKVIÐA eru varðveitt í heilu lagi bæði í Konungsbók Eddukvæða og í AM 748 I a 4to. Lítill munur er á textunum í þessum tveimur handritum og vísurnar eru í sömu röð. Þetta er til marks um að handritin tengist með skriflegum hætti – bæði hafa átt sér eina móður, eða að minnsta kosti eina formóður. Ótvíræð sönnun þessa er að handritin hafa samhljóða lausamálskafla.

VÖLUSPÁ er einnig varðveitt í heilu lagi í tveimur miðaldahandritum; Konungsbók Eddukvæða og Hauksbók (AM 544 4to). En hér er ólíkt farið því að textinn er ólíkur og vísurnar í annarri röð. Í Eddukvæðaútgáfu sinni birtir Gísli Sigurðsson (1998:xxiv) ágæta skýringarmynd til að sýna muninn á þessum tveimur gerðum VÖLUSPÁR. Sams konar mynd má sjá á næstu síðu.

Skyggðu reitirnir merkja vísur sem aðeins finnast í annarri gerðinni. Eins og sést hefur hvor gerð nokkuð fram yfir hina og vísurnar eru ekki í sömu röð. Þessi verulegi munur á texta handritanna hefur lengi verið túlkaður svo að hann sé ekki tilkominn gegnum skriflega geymd heldur munnlega. Það er dæmigert fyrir munnlega geymd að röð vísna skolist




Erindaröð VÖLUSPÁR í Konungsbók (til vinstri) og Hauksbók (til hægri). Mynd stæld eftir Gísla Sigurðssyni (1998:xxiv).

til og um það má sjá mörg dæmi frá síðari öldum.⁴ Í mannhuganum er allt á tjá og tundri.

⁴ Dæmi um þetta er kvæðið LJÓMUR en Jón Helgason (1936:111–139) sýndi fram á að það var skrifað sjö sinnum upp eftir munnlegri geymd, þar af einu sinni í Færeypjum. Þessar sjö heimildir hafa erindaröðina á sjö vegu. Röðin í færeysku uppskriftinni er eftirfarandi, miðað við röðina í elsta íslenska handritinu: 1–4, 8¹⁻⁶, þrjár línur af öðrum uppruna, 9, 11¹⁻⁶, 23⁷⁻¹⁰, 13, 12, 29⁹⁻¹⁰, 15¹⁻⁶, 14⁷⁻¹⁰, 32¹⁻³, 16, 34¹⁻⁶, 33⁷⁻¹⁰, 19 (Jón Helgason 1936:118).

Nú má gera sér hliðstæða mynd til að sýna muninn á tveimur gerðum HÁVAMÁLA. Til að flækja myndina ekki um of sýni ég ekki í henni tilfelli þar sem mismunur textanna er aðeins eitt eða tvö vísuorð.



Erindaröð HÁVAMÁLA í Konungsbók (til vinstri) og í útgáfu Resens (til hægri).

Þessi mynd minnir töluvert á myndina af gerðum VÖLUSPÁR og freistandi er að draga af henni sömu ályktun – að munurinn á þessum tveimur gerðum HÁVAMÁLA endurspeglir að kvæðið hafi tvisvar verið skrifað upp eftir minni manna. Það væri þó of langt gengið að fullyrða þetta. Vissulega geta þeir sem skrifa upp kvæði ákvæðið að fella út erindi eða

flytja þau til og að nokkru leyti getur slíkt gerst fyrir slysn. Einnig er það til að uppskrifari yrki inn í kvæði, til dæmis þegar honum þykir eitthvað vanta í forritið (sjá t.d. Haukur Þorgeirsson 2013:310–311). Þegar skriflegir milliliðir verða margir getur smám saman átt sér stað endursköpun sem líkist þeirri sem gerist í munnlegri geymd. Sú skýring á erindaröðinni verður því varla útilokuð.

Raunar er það svo að röð vísna í HÁVAMÁLUM hefur valdið ýmsum fræðimönnum heilabrotum og hafa menn freistast til að greina textann sundur í ólík frumkvæði og leggja til ýmsar úrbætur og tilfærslur. Sá sem lengst hefur gengið í þessu er sennilega Ivar Lindquist (1895–1985) sem lengi var prófessor við Háskólann í Lundi. Lindquist gaf út bókina *Die Urgestalt der Hávamál* þar sem hann leitaðist við að færa kvæðið aftur til upphaflegri myndar. Vísur og vísuorð eru þar fluttar til eftir því sem þurfa þykir og ýmsu bætt inn í úr öðrum heimildum. Til dæmis um textameðferðina hjá Lindquist má sýna þá vísu sem hann númerar B 20:

Glaður og reifur
skyli gumna hver
uns sinn bíður bana.
Deyr dugga
þótt í dali skríði
þá er öll eru örlög farin.
(Lindquist 1956:62)

Fyrri helmingurinn er úr HÁVAMÁLUM Konungsbókar (GS 1998:23) en seinni helmingurinn er sóttur úr Flóvents sögu. Annað dæmi er vísu B 15:

Árlega verðar
skyli maður oft fá
nema til kynnis komi:
gestgjafa
því geðjast betur
sem betur er matur metinn.
(Lindquist 1956:60)

Hér er fyrri helmingurinn úr Konungsbók (GS 1998:33) en seinni helmingurinn eftir prófessorinn sjálfan.

Nú má spyrja hvort textinn í útgáfu Resens gæti verið tilkominn á svipaðan hátt og texti sænska fræðimannsins. Getur verið að einhver 17. aldar Lindquist hafi setið yfir texta HÁVAMÁLA og endurmótað hann

eftir eigin höfði? Þetta er ekki hægt að útiloka en sumt þykir mér mæla gegn því. Hvað sem mönnum kann að þykja um aðferðir Lindquists þá er textinn sem hann býr til í röklegu samhengi og yfirleitt auðvelt að sjá hvað vakað hefur fyrir honum við vísnaflutninginn. Hann hefur einnig haft bragfræðilegan regluleika að leiðarstjörnu og gjarnan flutt til efni úr vísium sem eru lengri en dæmigerðar ljóðaháttarvísur.

Mér hefur ekki tekist að greina sams konar hugsun í textanum sem Resen prentaði. Ég get ekki séð að textinn sé röklegri eða reglulegri þar en í Konungsbók. Textinn hefur fremur það yfirbragð að hafa skolast til á tilviljanakenndan hátt en að hafa meðvitað verið endurskapaður. Þetta sést frekar í næsta kafla.

4. Það sem Resen hefur fram yfir

Þegar skýringarmyndirnar af gerðum VÖLUSPÁR og HÁVAMÁLA eru bornar saman sést ákveðinn munur. Milli hinna tveggja gerða VÖLUSPÁR er nokkurt jafnræði – hvor um sig hefur allnokkrar vísur sem hin hefur ekki. En um HÁVAMÁL er þessu öðruvísi farið. Konungsbók hefur um 14 vísur fram yfir Resen – en Resen hefur aðeins eina heila vísu sem ekki er í Konungsbókartexta kvæðisins. Rétt er að líta á þá vísu, en hún hefur raðtöluna 112 í útgáfunni:

Resen 112

Allt er vant
að þú við þegir
þá ertu bleyði um borinn
eður að sonum sagður;
annars dags
láttu hans orð um farin
og stöðva svo lýðum lygi.

Í Konungsbók er þessi vísa ekki í HÁVAMÁLUM heldur SIGURDRÍFUMÁLUM. Rétt er að sýna hér einnig vísuna á undan til að samhengið skiljist:

SIGURDRÍFUMÁL 24–25

Það ræð eg þér þriðja,
at þú þingi á
deili-t við heimska hali,
því að ósviður maður
lætur oft kveðin
verri orð en viti.

Allt er vant
 ef þú við þegir,
 þá þykir þú með bleyði borinn
 eður sönnu sagður,
 hættur er heimis kviður
 nema sér góðan geti,
 annars dags
 láttu hans öndu farið
 og launa svo lýðum lygi.⁵
 (Gísli Sigurðsson 1998:248)

Hér eru heilræði á ferð og skiljanlegt að þau slæðist inn í HÁVAMÁL. Upphaf vísunnar minnir sérstaklega á HÁVAMÁL en í HÁVAMÁLUM eru fjórir víshelmingar sem hefjast á orðunum „allt er“ eða „allt eru“. Sérstök líkindi eru með þessum:

Konungsbók 17.4–6
 Allt er senn
 ef hann sylv um getur,
 uppi er þá geð guma.
 (Gísli Sigurðsson 1998:24)

Sameiginlegt er hér „Allt er ... ef ... þá ...“. Annað í vísunni sem minnir á Hávamál er vísuorðið „nema sér góðan geti“ en það minnir sterkllega á „hveim er sér góðan getur“. Einhver hefur kunnað þessa vísu úr SIGURDRÍFUMÁLUM og fundist hún eiga heima í HÁVAMÁLUM. Þetta er eitthvað sem gæti auðveldlega gerst í huga manns sem kann bæði kvæðin. Hitt væri erfiðara að sjá hvers vegna maður sem hefur SIGURDRÍFUMÁL rituð fyrir sér mundi flytja þessa vísu inn í HÁVAMÁL. Þá hefði að minnsta kosti verið nær að taka vísuna á undan með því að þessi er beint framhald og illskiljanleg án hinnar.

Resen hefur ekki fleiri vísur umfram Konungsbók en nokkur einstök vísuorð. Rétt er að líta á vísu 93 hjá Resen:

5 Þetta efni er endursagt í lausamáli í Völsunga sögu. Textinn þar hljóðar svo (með nútímastafsetningu): „Verð lítt mishugi við óvitra menn á fjölmennum móttum. Þeir mæla oft verra en þeir viti, og ertu þegar bleyðimaður kallaður og ætla að þú sért sönnu sagður. Dreyp hann annars dags og gjalt honum svo heiftyrði“ (Olsen 1906–1908:54). Sá sem ritaði Völsunga sögu hefur greinilega haft vísuna í formi líkara því sem er í Konungsbók en hjá Resen. Það sýna eftirfarandi leshættir sögunnar: „sönnu“, „dreyp hann“ (vísar á „öndu“ fremur en „orð um“) og „gjalt“ (vísar á „launa“ fremur en „stöðva“).

Resen 93

Einn alda jötun eg heimsóttá,
 eg er nú aftur um kominn
 fátt gat þegjandi þar
 Mörgum orðum
 eg þar mæltá um frama
 við þann alsvinna jötun.

Konungsbók 104

Inn aldna jötun eg sóttá,
 nú em eg aftur um kominn,
 fátt gat eg þegjandi þar.
 Mörgum orðum
 mæltá eg í minn frama
 í Suttungs sölum.
 (GS 1998:40)

Í HÁVAMÁLUM Konungsbókar er hvergi talað um alsvinnan jötun en þau orð koma þrisvar fyrir í VAFPRÚÐNISMÁLUM. Fyrst í upphafsvísunni:

VAFPRÚÐNISMÁL I

Ráð þú mér nú, Frigg,
 alls mig fara tíðir
 að vitja Vafprúðnis;
 forvitni mikla
 kveð eg mér á fornum stöfum
 við þann inn alsvinna jötun.
 (Gisli Sigurðsson 1998:56)

Í báðum tilfellum er samhengið það að Óðinn heimsækir jötun.

Nú er að geta um það sem texti Resens hefur úr HUGSVINNSMÁLUM. Hér er eitt dæmi:

Resen 36 og 107

veistu ef þú vin átt
 þann (+þér 36) vildur sé

Konungsbók 44.1–2 = 119.5–6

veistu ef þú vin átt
 þann er þú vel trúir

HUGSVINNSMÁL 25.1–2

Ef þú vin átt,
 þann er þér vildur sé⁶
 (Wills og Würth 2007:375)

Annað dæmi er svona:

6 Ég hef fært stafsetningu til nútímahorfs hér sem annars staðar. HUGSVINNSMÁL eru þýdd úr latínu. Latneski frumtexti seinni línunnar er „si tibi sit carus“ (Wills og Würth 2007:376).

Resen 40.1–3
Mildir og fræknir
þeir menn best lifa
er sjaldan önn ala.

Konungsbók 48.1–3
Mildir, fræknir
menn bast lifa,
sjaldan sút ala.

Í HUGSVINNSMÁLUM koma orðin „önn ala“ eða „önn ali“ þrisvar fyrir sem lokin á þriðju línu í vísu (v. 38, Wills og Würth 2007:383; v. 67, bls. 402; v. 126, bls. 435).

Loks er vísa 134 í Konungsbók en hún hefst svo:

Resen 119.1–3
Að hærðum þul
hlæ þú aldregi
né að öldruðum afa.

Konungsbók 134.5–7
Að hárum þul
hlæðu aldregi,
oft er gott það er gamlir kveða.
(GS 1998:46)

Hér hefur texti Resens hrærst saman við vísu úr HUGSVINNSMÁLUM um sama efni:

HUGSVINNSMÁL 122
Eigi skaltu hlæja,
ef þú vilt horskur vera,
að öldruðum afa.
(Wills og Würth 2007:433)⁷

Eitt dæmi enn úr HUGSVINNSMÁLUM er rætt í kafla 6.

Enn verður að geta um tvö vísuorð sem texti Resens hefur fram yfir texta Konungsbókar, þau er að finna í upptalningu á þeim hlutum sem ekki skyldi treysta:

Resen 76
ísi einnættum
ormi hringlögðum
heiðríkum himni
og hlæjandi herra
brúðar beðmálum
og brotnu sverði
bjarnar fimleik
barni höfðingja

Konungsbók 86
ísi einnættum,
ormi hringlegnum,

brúðar beðmálum
eða brotnu sverði,
bjarnar leiki
eða barni konungs
(GS 1998:36)

⁷ Frumtexti þessara vísuorða er svona: „Cum sapias animo, noli ridere senectam“ (Wills og Würth 2007:433).

Visuorðin sem Resen hefur umfram er ekki að finna í öðrum fornum kvæðum. Reyndar má líka segja að þau séu ekki sérstaklega fornleg að sjá. Ofstuðlun er mjög sjaldgæf í fornum kvæðum en algeng á fimmtánda, sextánda og sautjándu öld (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2010:245). Líklega eru því orðin *heiðríkum himni / og blæjandi herra* til orðin á því tímabili.

5. *Aðrar miðaldaheimildir*

Ef texti Resens er byggður á miðaldagerð HÁVAMÁLA annarri en þeirri sem finnst í Konungsbók mætti ef til vill búast við að hann sýndi skyldleika við þær slitrus af HÁVAMÁLUM sem varðveittar eru í öðrum gömlum handritum. Að vísu er ekki feitan gölt að flá en nokkuð má þó taka til rannsóknar.

Fyrsta vísa HÁVAMÁLA er varðveitt í handritum Gylfaginningar og er þar fjórum fornum handritum til að dreifa; Konungsbók Snorra-Eddu, Trektarbók, Wormsbók og Uppsalabók. Texti þeirra er eftirfarandi, með nútímastafsetningu:

Konungsbók Sn-E

Gáttir allar
áður gangi fram

um skyggvast skyli
því að óvíst er að vita
hvar óvinir
sitja á fleti fyrir.
(Finnur Jónsson 1931:9)

Trektarbók

Gáttir allar
áður gangi fram
um skoðast skyli,
um skyggvast skyli
því að óvíst er að vita
hvar óvinir
sitja á fleti fyrir
(Finnur Jónsson 1931:9)

Wormsbók

Gáttir allar
áður gangi fram
um skyggvast skyli,
því að óvíst er
hvar óvinir
sitja á fleti fyrir.
(Finnur Jónsson 1931:9)

Uppsalabók

Skatnar allir
áður né gangim fram
um skyggvast skyli,
því að óvíst er að vita
hvar óvinir
sitja á fletjum fyrir.
(Heimir Pálsson 2013:155)

Eins og sjá má er textinn nokkuð mismunandi í þessum handritum – en ekkert handrit sýnir skyldleika við erindið eins og það birtist hjá Resen.

Þar er seinni helmingurinn svona:

því öngvan má örvænt
um aldur vera
hvars hans sitja fjendur á fleti fyrir.⁸

Enn skal nefna að hluti úr sjöttu vísu er varðveittur í 16. aldar handritinu Add. II. 250. Hann hljóðar þar svo:

óbrigðara vin
fær maður aldregi
en manvit mikið
(Jón Þorkelsson 1892:212)

Í útgáfu Resens og í Konungsbók hljóma sömu vísuorð svo:

Resen 10.6–8
þann óbrigðara
fær engi maður
en sé mannvit mikið.

Konungsbók 6.6–8
því að óbrigðra vin
fær maður aldregi
en manvit mikið.
(GS 1998:22)

Enginn teljandi skyldleiki er með Resen og Add II. 250; að vísu er á báðum stöðum *óbrigðara* fremur en *óbrigðra* en það er málfræðilegt atriði sem eðlilegt er að tvær ungar heimildir hafi með sama hætti.

Seinni hluti vísu 43 í Konungsbók er að finna í Wormsbók og hljóðar þar svo:

Óvinar síns
skyldi engi maður
óvina vinur vera.
(*Codex Wormianus* 1931:120)

Hjá Resen og í Konungsbók hljóða þessi vísuorð svo:

Resen 35.4–6
en óvinar síns
skal engi
vina vinur vera.

Konungsbók 43.4–6
en óvinar síns
skyli engi maður
vinar vinur vera.
(GS 1998:28)

8 Orðalag minnir á HELGAKVIÐU HUNDINGSBANA II 48.1–2 Nú kveð eg enskis / örvænt vera (GS 1998:205).

Varla er hægt að segja að textinn í Wormsbók standi með Resen gegn Konungsbók.

Enn er vísuþingur úr HÁVAMÁLUM í Fóstbræðra sögu, hér er tveimur skinnhandritum til að dreifa:

Fóstbræðra saga í Hauksbók

á hverfanda hveli
voru þeim hjörtu sköpuð,
brigð í brjóst lagið.

(Jón Helgason 1962:27)⁹

Fóstbræðra saga í Flateyjarbók

á hverfanda hveli
eru þeim hjörtu sköpuð
og brigð í brjóst um lagin.

Hjá Resen og í Konungsbók er orðalagið svona:

Resen 75.4–6

að hverfanda hveli
voru þeim hjörtu sköpuð
og brigð í brjósti lagin.

Konungsbók 84.4–6

því að á hverfanda hveli
voru þeim hjörtu sköpuð,
brigð í brjóst um lagið.

(GS 1998:36)

Hér er enginn sérstakur skyldleiki milli texta Fóstbræðra sögu og Resens. Í mesta lagi mætti tína til að orðið *og* kemur fyrir í þriðju línu bæði hjá Resen og í Flateyjarbók og svo að fylliorðið *um* er hvorki í vísunni hjá Resen né í Hauksbókartexta Fóstbræðra sögu.¹⁰

Það er reyndar umhugsunar virði að Resen sleppir nokkrum sinnum fylliorði þar sem Konungsbók hefur það en hefur jafnframt fylliorð á nokkrum stöðum þar sem Konungsbók hefur það ekki. Hér eru helstu dæmin:

Resen

2 gestur er inn **um** kominn
3 þeim eð inn **um** kemur
9 Sá er sæll er sjálfur á
15 að aftur heimtir
28 þótt hann sér fyrir **um** farinn
56 heimboðið

Konungsbók

2 gestur er inn kominn
3 þeim er inn er kominn
9 Sá er sæll er sjálfur **um** á
14 að aftur **of** heimtir
34 þótt hann sé firr farinn
67 heim **of** boðið

9 Vísan er einnig til í pappírshandritum Fóstbræðra sögu sem runnin eru frá glataðri skinnbók. Þar hljóðar hún svo: „á hverfanda hveli / er þeim hjarta skapað / og brigð í brjóst um lagin“ (Jón Helgason 1962:27).

10 Fylliorðið er í vísunni í Flateyjarbók og í pappírshandritum sem runnin eru frá glataðri skinnbók.

63 fjöld ef viðrar	74 fjöld um viðrir
71 ís þá yfir um kemur	81 ís er yfir kemur
88 var eg innkominn	101 er eg var enn um kominn
94 Gunnlöð mér gaf	105 Gunnlöð mér um gaf
112 þá ertu bleyði um borinn	S 25 þá þykir þú með bleyði borinn
112 láttu hans orð um farin	S 25 láttu hans öndu farið
113 verður þér böls um beðið	126 þá er þér böls beðið

Fylliorðin sem Resen hefur fram yfir Konungsbók eru öll á eðlilegum stað miðað við forna málnotkun. Fylliorð eru venjulega á undan sagnorði, gjarnan í lýsingarhætti, og ekki síst í lok vísuorða í ljóðahætti. Ýmsir fræðimenn hafa notað fjölda fylliorða í kvæðum til að draga ályktanir um aldur þeirra (fyrst Kuhn 1929). En taflan hér fyrir ofan sýnir hversu auðveldlega fylliorð geta birst og horfið, að minnsta kosti í ljóðahætti.

Af mögulegum miðaldaheimildum um HÁVAMÁL verður að lokum að nefna málsháttasafn Magnúsar prúða (d. 1591) en í því eru tvö spakmæli eignuð Óðni:

Að morgni skal mey lofa.

Oft er vargs höfuð að vormorgni.

(Jón Helgason 1977:44)


Jón Helgason lagði til að þessi spakmæli væru ættuð úr HÁVAMÁLUM – og þá úr einhverri annarri gerð þeirra en fyrirfinnst í Konungsbók enda er þetta ekki þar að finna. Ekki skal ég mótmæla þessu en þetta er að minnsta kosti ekki að finna í þeirri gerð sem Resen kom á prent.

Niðurstaðan er þá að þær slitur úr texta HÁVAMÁLA sem finna má í heimildum frá 16. öld og fyrr hafa engin sérstök líkindi við texta Resens.

6. Leshættir úr Konungsbók?

Sophus Bugge og Anthony Faulkes bentu á tiltekna lesháttu í texta Resens sem virðast runnir frá Konungsbók. Bugge (1867:lix) fann um þetta merkilegt dæmi í vísu 112, þar sem skrifari Konungsbókar hefur fyrst gert mistök og svo leiðrétt sig.¹¹ Dæmið lítur svona út:

11 Umfjöllun Bugge er að vísu um handritið AM 754 4to, með hendi Guðmundar Andréssonar (d. 1654 í Kaupmannahöfn). Textinn þar er náskyldur texta Resens, sbr. ummæli hér að ofan við lok kafla 2.



Hluti af bl. 6r í GKS 2365 4to.

Hér er svo að sjá að skrifarinn hafi fyrst ritað «nóttþvñ fat» og ef til vill séð fyrir sér að það ætti að lesa „nóttþunnar sat“. En síðan hefur hann áttað sig á því að hann gerði villu. Hann skrifaði «n» þar sem hann átti að skrifa «r» - væntanlega vegna þess að hann hefur mislesið «r» sem «n» í forritinu. Þessa villu leiðréttil hann með því að setja tvo eyðingarpunkta undir «n»-ið og bæta við stöfunum «r» með litlu letri fyrir ofan. Útgefendur hafa skilið þessa leiðréttingu sem svo að þarna eigi að standa «nótt þvñ rífat», sem sagt „nótt þú rís-at“, og mun það vera rétt enda gefur það góða merkingu í samhenginu. Þetta er næstum örugglega það sem hefur staðið í forriti Konungsbókar. En lítum nú á hvernig þessi víshelmingur er í útgáfu Resens. Hér vísa ég stafrétt í fyrsta vísuorðið:

Resen 102.4–6

„Not thunnar set“
nema á njósnum sért
eður vitir þér í von útstaðar.

Konungsbók 112.5–7

Nótt þú rís-at
nema á njósn sér
eða þú leitir þér innan út staðar.
(GS 1998:42)

Texti Resens af fyrsta vísuorði er illskiljanlegur en það er augljóst hvernig hann er til kominn. Einhver hefur lesið þessa vísu í Konungsbók en ekki áttað sig á leiðréttingunni. Hann hefur skilið *r*-ið yfir *n*-inu sem *ar*-band og ef til vill hefur hann skilið eyðingarpunkt sem tvöföldunarpunkt. Þannig má búa sér til orðmyndina *þunnar*. Mjög er vandséð hvernig þessi orðmynd ætti að geta komist í textann með öðrum leiðum en með mislestri á Konungsbók.

Lítum nú á hina lesháttuna sem Faulkes bendir á. Fyrst má telja vísu 113 í Konungsbók. Lítum á textann eins og hann er venjulega prentaður:


Resen 103.1–3

Fjölunnigrar konu
firrð þú þig öllu lagi
svo hún lyki þig ekki liðum.

Konungsbók 113.5–7

Fjölunnigri konu
skal-at-tu í faðmi sofa
svo að hún lyki þig liðum.
(GS 1998:42)

Skoðum nú hvernig þetta litur út í Konungsbók sjálfri:



Hluti af bl. 6r í GKS 2365 4to.

Hér hefur skrifarinn fyrst ritað „skaltu firra þig“ en síðan hefur hann sett punkta undir orðin „firra þig“ til marks um að þeim sé eytt. Einnig hefur litlu *a* verið bætt ofan við „skaltu“ og hafa fræðimenn túlkað það sem neitunarhengilinn og lesið „skal-at-tu“.

Hvers vegna hefur ritari Konungsbókar gert þessa breytingu? Það er alls ekki jafnaugljóst og í dæminu á undan. Hér er varla um mislestur að ræða. Hugsanlega hefur ritarinn kunnað vísuna í annarri mynd en hún stóð í forritinu. Hann hefur byrjað að skrifa hana eftir minni en svo litið á forritið og séð að það hafði annan texta – þá hefur hann gert leiðréttingu. Öndverðan möguleika er ekki heldur hægt að útiloka. Ef til vill byrjar skrifarinn að rita vísuna eftir forritinu en síðan rifast upp fyrir honum önnur gerð sem honum líkar betur og kýs að nota heldur. Við virðumst að minnsta kosti hafa tvö afbrigði:

Fjölkkunnugri konu
skaltu firra þig

Fjölkkunnugri konu
skal-at-tu í faðmi sofa

Það er ekkert merkingarlega slæmt eða skrýtið við vísuorðið „skaltu firra þig“. Þau orð koma fyrir í HUGSVINNSMÁLUM:

HUGSVINNSMÁL 12.4–6
illra kvenna
firr þú þig öllu lagi

HUGSVINNSMÁL 73.1–2
Féginri rangri
skaltu firra þig¹²
(Wills og Würth 2007:367, 405)

Faulkes virðist hafa séð fyrir sér að fyrst orðin „skaltu firra þig“ séu merkt eyðingarmerkjum í Konungsbók hljóti þau að vera villa sem hefur fyrst komið til þar. En þetta er engan veginn víst og jafnvel þótt svo væri

¹² Leshátturinn „firra þig“ er í elsta handritinu, AM 624 4to.

virðist Resens-textinn hafa blandast við texta HUGSVINNSMÁLA enda eru orðin „öllu lagi“ í Hugsvinnsmálum og hjá Resen en ekki í Konungsbók. Mér finnst því ekki hægt að draga neina eindregna ályktun af þessu.

Næst lítum við á hluta af erindi 130:


Resen 115.4–6

fögru skaltu lofa
og fast láta vera
leiðist margur gott ef getur.

Konungsbók 130.8–10

fögru skaltu heita
og láta fast vera,
leiðist manngi gott ef getur.
(GS 1998:46)

Í Konungsbók lítur þetta svona út:



Hluti af bl. 6v í GKS 2365 4to.

Hér hefur skrifarinn fyrst ritað <margr> og svo breytt því í <mange>, eflaust með réttu. Texti Resens getur vissulega verið úr Konungsbók en þó mætti hugsa sér að hann sé úr sameiginlegu forriti. Það er ekki hægt að útiloka að villan hafi verið í forriti Konungsbókar og skrifarinn leiðrétt hana eftir eigin hyggjuviti. Vel mætti hugsa sér að forrit Konungsbókar hafi verið torlesið á þessum stað.

Næst lítum við á hluta af vísu 71:

Konungsbók 71.1–3

Haltur ríður hrossi
hjörð rekur hundar vanur
daufur vegur og dugir.
(GKS 2365 4to, 5r)

Orðmyndin *hundar* er endaleysa í þessu samhengi og útgefendur hafa jafnan leiðrétt í *bandarvanur*, sem gefur viðeigandi merkingu í samhenginu. Hér er þá villa í Konungsbók sem ekki hefur verið leiðrétt. En þessa hundavitleysu er líka að finna hjá Resen:

Resen 60.3–6
 en haltur ríður hrossi
 hjörð rekur hundur
 vanur vegur
 daufur dugir


Hér virðist vissulega líklegt að texti Resens sé úr Konungsbók – þótt aftur sé ekki hægt að útiloka að villan hafi þegar verið í forriti hennar. Stuðlasetningin í þessum línun Resens er ekki fornleg og bendir ekki til að um sjálfstæða miðaldagerð sé að ræða.

7. Möguleikar metnir


Við getum nú litið á nokkra möguleika um það hvernig texti Resens og texti Konungsbókar gætu verið skyldir. Í fyrsta lagi má hugsa sér að þeir séu báðir komnir úr munnlegri geymd – texti Resens væntanlega gegnum nokkra skrifaða milliliði og texti Konungsbókar gegnum að minnsta kosti einn skrifaðan milliliði.

Þetta virðist ákaflega ósennilegt. Leshátturinn „Not thunnar set“ bendir eindregið til þess að textinn hjá Resen sé að minnsta kosti að hluta til runninn úr Konungsbók. Raunhæfara væri að hugsa sér að texti Resens sé að hluta til runninn frá Konungsbók en að hluta til úr óháðri heimild.

Möguleiki 2 er sá sem Faulkes og aðrir fræðimenn hafa daðrað svolítið við. Ef þetta væri rétt mundi það skýra hvers vegna texti Resens hefur annars vegar lesháttu sem virðast runnir frá Konungsbók og hins




Möguleiki 1: Báðir textarnir runnir eftir óháðum leiðum úr munnlegri geymd.




Möguleiki 2: Texti Resens að hluta til runninn frá Konungsbók en að hluta eftir óháðri heimild.

vegar aðra röð erinda og víða býsna ólíkan texta. Veigamikil rök mæla þó gegn þessari lausn. Hér set ég þau fram í þremur liðum.

- Leshættirnir sem virðast runnir úr Konungsbók og leshættirnir sem eru mjög ólíkir henni eru hvorir innan um aðra. Ef textinn væri til orðinn úr tveimur heimildum mætti búast við því að hann væri nokkuð kaflaskiptur – til dæmis þannig að mörg erindi í röð væru með lítið breyttan Konungsbókartexta og svo kæmu mörg erindi í röð með mjög frábrugðinn texta. En texti Resens virðist álíka frábrugðinn Konungsbók út í gegnum kvæðið. Vissulega mætti hugsa sér að sá sem setti saman þennan texta hafi haft bæði Konungsbók og hina heimildina fyrir sér út í gegnum kvæðið og jafnan valið það sem honum líkaði betur. En hvers vegna hætti honum svona til að taka upp brenglaða lesháttu úr Konungsbók ef hann átti vól á annarri heimild? Og hvers vegna sleppti hann svona miklu efni úr Konungsbókartextanum?
- Eins og fyrr er rakið virðist texti Resens ekki eiga neitt sem máli skiptir sameiginlegt með öðrum brotum HÁVAMÁLA sem til eru frá miðöldum.
- Ef texti Resens væri að hluta til runninn frá heimild óháðri Konungsbók mætti búast við því að hann væri talsvert bitastæðari en hann er – að þar væri meira af fornlegum og forvitnilegum lesháttum og sér í lagi meira af efni sem ekki er í Konungsbók. Þegar langt kvæði er skráð tvisvar eftir munnlegri geymd er það nánast gefið mál að hvor útgáfan um sig hafi eitthvað fram yfir hina. Í kafla 3 er sýnt hvernig þetta kemur fram í VÖLUSPÁ og það ætti því heldur að gilda um HÁVAMÁL að það kvæði er bæði lengra og með lauslegri byggingu. En það litla sem texti Resens hefur fram yfir texta Konungsbókar er ýmist unglegt eða úr öðrum þekktum kvæðum.



Möguleiki 3: Textarnir komnir frá sameiginlegu forriti.




Möguleiki 4: Texti Resens kominn úr Konungsbók og annarri skriflegri heimild.

Ef texti Resens væri kominn gegnum sömu skriflegu hefð og texti Konungsbókar (möguleiki 3) væri hins vegar skiljanlegt að hann hefði ekki fleiri vísur fram yfir.

Þessi möguleiki fellur þó eins og möguleiki 1 á því að einhver hluti textans hjá Resen hlýtur að vera úr Konungsbók. Raunhæfara væri því ef til vill að gera ráð fyrir tvöfaldri heimild (möguleiki 4).

Það er varla hægt að afsanna þennan möguleika en hann hefur ekki á sér mjög sennilegan blá. Það er fátt í texta Resens sem verður betur skýrt með því að textinn sé kominn úr forriti Konungsbókar heldur en úr Konungsbók sjálfri. Þessi kenning skýrir ekki heldur sérstaklega vel hvers vegna texti Resens er svona frábrugðinn texta Konungsbókar. Það má sjá af samanburði milli Konungsbókar og Eddukvæðahandritsins AM 748 I a 4to að sameiginlegt forrit þeirra hefur verið nauðalíkt þeim báðum. Hávamálatexti Konungsbókar hefur því að líkindum verið nauðalíkur Hávamálatextanum í forritinu. Frávikin hjá Resen verða því illa skýrð með þessari kenningu, eftir sem áður þyrfti að gera ráð fyrir verulegri umsköpun textans.

Í raun hlýtur nærtækasti möguleikinn (nr. 5) að vera að texti Resens sé allur runninn frá Konungsbók.



Möguleiki 5: Texti Resens allur kominn úr Konungsbók.

Hvernig hrærivél var þetta? Eins og rætt var í kafla 3 er freistandi að álykta að kvæðið hafi haft viðkomu í mannhuganum. Einhver hefur þá lært HÁVAMÁL utan að eftir Konungsbók og seinna skrifað kvæðið upp eftir minni. Það er jafnvel ekki útilokað að kvæðið hafi haft viðkomu í fleiri en einum mannhuga – að það hafi komist aftur í munnlega geymd. Raunar er til heimild um að menn hafi kunnað vísur úr Sæmundar-Eddu áður en Brynjólfur eignaðist Konungsbók. Undir lok 17. aldar skrifaði Árni Magnússon eftirfarandi minnisgrein:

Monsieur Þormóður Torfason (nú sextugur præter propter) segist í sínu ungdæmi heyrt hafa föður sinn sítera nokkuð úr Sæmundar Eddu, sem hann sagt hafi sig í bókinni fyrir löngu / nokkru¹³ lesið hafa. Hvað, ef svo er, (sem hann fyrir víst segir), þá hafa menn vitað af þessari bók og hana svo nafngift fyrir en Mag. Brynjólfur eignaðist það exemplar sem nú er hjá Þormóði, ex Bibliothecâ Regiâ.

(Stefán Karlsson 2000:245)

Margt er óljóst um Edduiddkun íslenskra fræðimanna á 17. öld, ekki síst vegna þess að fjölmörg Edduhandrit glötuðust í brunanum 1728. En greinilegt er að Björn á Skarðsá (1574–1655) hafði HÁVAMÁL í höndunum áður en Brynjólfur biskup komst yfir Konungsbók árið 1643. Í ritgerðinni *Nokkuð lítið samtak um rúnir* vísar Björn í sex erindi kvæðisins og er textinn þar greinilega skyldur texta Resens (Faulkes 1977:75). Í ritgerðinni *Dimm fornryrði lögbókar*, sem rituð var 1626, vísar Björn í niðurlag 119. erindis HÁVAMÁLA og aftur má sjá skyldleika við Resenstextann (Einar G. Pétursson 1998:432). Sú gerð HÁVAMÁLA sem Resen prentaði hefur þá verið komin til sögunnar í síðasta lagi 1626. Innskotin í textanum sýna að menn hafa þá ekki einungis haft HÁVAMÁL undir höndum heldur einnig fleiri kvæði undir ljóðahætti – að minnsta kosti SIGURDRÍFUMÁL og VAFPRÚDNISMÁL. Það er enda ljóst að SIGURDRÍFUMÁL voru skrifuð upp úr Konungsbók áður en kver glataðist úr henni (Þórdís Edda Jóhannesdóttir 2012; Einar G. Pétursson 1984 – um feril Konungsbókar sjá einnig Helga Guðmundsson 2012). Ef fallist er á þá niðurstöðu að texti Resens sé ættaður úr Konungsbók höfum við öðlast svolitla viðbótarvitneskju um notkun Konungsbókar fyrir árið 1643.

13 Orðið *nokkru* er skrifað yfir orðið *löngu* án þess að neðra orðið sé strikað út.

HEIMILDIR

- Bugge, Sophus (útg.). 1867. *Norræn fornkvæði. Islandsk samling af folkelige oldtidsdigte om Nordens guder og heroer almindelig kaldet Sæmundar Edda hins fróða*. Christiania.
- Codex Wormianus (The Younger Edda)*. 1931. MS. no. 242 fol. in the *Arnarnagnæan Collection in the University Library of Copenhagen*. [Ljósprent.] Levin & Munksgaard, Copenhagen.
- Edda Sæmundar hins fróða*. 1828. Pars III. Havnæ.
- Einar G. Pétursson. 1984. Hvenær týndist kverið úr Konungsbók Eddukvæða? *Gripla* 6:287–291.
- Einar G. Pétursson. 1998. *Eddurit Jóns Guðmundssonar lærða*. Samantektir um skilning á Eddu og Að fornu í þeirri gömlu norrænu kölluðust rúnir bæði ristingar og skrifelsi. *Þættir úr fræðasögu 17. aldar I. Inngangur*. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Einar G. Pétursson. 2007. Akrabók. Handrit að Eddum með hendi Árna Böðvarssonar á Ökrum og hugleiðingar um handritarannsóknir á Eddunum. *Gripla* 18:133–152.
- Faulkes, Anthony (útg.). 1977. *Two Versions of Snorra-Edda from the 17th Century II. Edda Islandorum. Völuspá. Hávamál*. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Finnur Jónsson (útg.). 1931. *Edda Snorra Sturlusonar*. København.
- Gíslí Sigurðsson (útg.). 1998. *Eddukvæði*. Mál og menning, Reykjavík.
- GKS 2365 4to (Konungsbók Eddukvæða). Ljósmyndir á handrit.is.
- Haukur Þorgeirsson. 2013. *Hljóðkerfi og bragkerfi. Stoðhljóð, tónkvæði og önnur úrlausnarefni í íslenskri bragsögu ásamt útgáfu á Rímum af Ormari Fraðmarssyni*. Hugvísindastofnun, Reykjavík.
- Heimir Pálsson (útg.). 2013. *Uppsala-Edda. Handritið DG II 4to*. Opna, Reykjavík; Snorrastofa, Reykholti.
- Helgi Guðmundsson. 2002. *Codex Regius. Land úr landi*, bls. 6–12. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Jón Helgason. 1936. *Íslenzk miðaldakvæði. Islandske digte fra senmiddelalderen*. I. 2. København.
- Jón Helgason. 1962. *Eddadigte I. Völuspá. Hávamál*. 2. udgave. København.
- Jón Helgason. 1977. Ígrillingar. *Gripla* 1:40–46.
- Jón Þorkelsson. 1892. *Islandske håndskrifter i England og Skotland*. ANF 8:199–237.
- Jónas Kristjánsson og Vésteinn Ólason. 2014. *Eddukvæði I. Goðakvæði*. Íslenzk fornrit. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Kuhn, Hans. 1929. *Das Füllwort of-um im Altwestnordischen. Eine Untersuchung zur Geschichte der germanischen Präfixe. Ein Beitrag zur alt-germanischen Metrik*. Göttingen.
- Lindquist, Ivar. 1956. *Die Urgestalt der Hávamál. Ein Versuch zur Bestimmung auf synthetischem Wege*. Gleerup, Lund.

- Olsen, Magnus (útg.). 1906–1908. *Völsunga saga ok Ragnars saga loðbrókar*. S.T.U.A.G.N.L. København.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 2010. *Tólf alda tryggð. Athugun á þróun stuðla-setningar frá elsta þekktum norrænum kveðskap fram til nútímans*. Hugvísindastofnun, Reykjavík.
- Rask, Erasmus Christianus. 1818. *Edda Sæmundar hinns fróða. Collectio carminum veterum scaldorum Sæmundiana dictam*. Holmiæ.
- Resen = Petrus Joh. Resenius. 1665. *Ethica Odini pars Eddæ Sæmundi vocata Haavamaal unà cum ejusdem appendice appellato Runa Capitule à multis exoptata nunc tandem Islandicè in lucem producta est*. Havniæ.
- Teresa Dröfn Njarðvík. 2015. *Hávamál í Akrabók. Samanburður á tveim eftirritum Hávamála frá 18. öld*. Óprentuð ritgerð.
- Wills, Tarrin og Stefanie Würth. 2007. Hugsvinnsámál. Í *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages VII* (ritstj. Margaret Clunies Ross), bls. 358–449. Brepols, Turnhout.
- Þórdís Edda Jóhannesdóttir. 2012. Sigurdrífumál og eyðan í Konungsbók eddukvæða. *Gripla* 23:287–317.
- Þórður Tómasson. 1971. Hugað að Hávamálum. *Goðasteinn* 10:46–48.

ABSTRACT

Professor Resen's Hávamál

The oldest edition of HÁVAMÁL, printed by P. H. Resen in 1665, has a text which is significantly different from that of the only medieval witness, the Codex Regius. The order of the stanzas is especially divergent in a way reminiscent of independent recordings from oral tradition. Scholars have flirted with the idea that Resen's text was not derived from the Codex Regius but from another medieval version. While this idea is initially attractive a closer examination reveals its weaknesses. I suggest instead that Resen's text is indeed derived from the Codex Regius but not entirely through a written transmission. Someone may have learned HÁVAMÁL by heart and later written the poem down from memory. This would explain the different order of the stanzas and the variant readings which seem uncharacteristic of scribal transmission. Quotations of HÁVAMÁL by Björn á Skarðsá in writings dated to 1626 and 1642 are related to Resen's text so this version of HÁVAMÁL must have existed already in the early 17th century. Resen's text is interpolated with a stanza from SIGURDRÍFUMÁL and some material from HUGSVINNSMÁL and VAFÞRÚÐNISMÁL. This is further evidence that Icelandic scholars were making use of texts from the Codex Regius before bishop Brynjólfur Sveinsson obtained it in 1643.

Greinar

Arndís Hulda Auðunsdóttir og Aðalheiður Guðmundsdóttir:

„Berðu mér ei blandað vín“

Þórður Helgason:

Ljóðahljóð

Haukur Þorgeirsson:

Hávamál Resens prófessors

Atli Harðarson:

Ljóðið AFNEITUN eftir Gíorgos Seferis

Þórður Helgason:

Þegar rímið rætist ekki

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir:

Tvær skáldkonur

Helgi Skúli Kjartansson:

„Kvað heldurðu, maður!“

Mikael Males:

Er Ólafur Þórðarson höfundur Eglu?

Bjarki Karlsson:

Hugbót að guði gengnum

Sónarljóð

ALDREI Á MINNI LÖNGU ÆVI HEF ÉG SÉÐ SVONA STÓRT LÍK

eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson

Ljóðskáld og þýðendur

Alda Björk Valdimarsdóttir, Atli Harðarson, Bjarki Karlsson,
Halla Oddný Magnúsdóttir, Kári Tulinius, Kristján Runólfsson,
Robert Frost, Valgerður Kr. Brynjólfssdóttir, Þórdís Gísladóttir